

Fundur haldinn í menningar-, íþróttá- og frístundanevnd Hveragerðisbæjar í fundarsal að Sunnumörk 2, þriðjudaginn 30. apríl 2013, kl. 17:00.

Mætt voru: Eyþór H. Ólafsson, Elínborg Ólafsdóttir, Heimir Eyvindarson og Hafþór Vilberg Björnsson. Hjördís Harpa Guðlaugsdóttir boðaði forföll, ekki náðist í varamann. Jóhanna M. Hjartardóttir menningar- og frístundafulltrúi sat fundinn og ritaði fundargerð.

Formaður stjórnaði fundi og leitaði eftir athugasemdum við fundarboð en engar komu fram.

Dagskrá:

1. Afreks- og styrktarsjóður úthlutun
 2. Sumarnámskeið
 3. Hátíðir
 4. Starfsemi stofnana
 5. Menningarstefna Hveragerðisbæjar
 6. Menningarlandið 2013 – frásögn EHO frá ráðstefnu á Klaustri 11. og 12. apríl s.l.
 7. Ályktun ungmenna frá ráðstefnunni Ungt fólk og lýðræði
 8. Félagsmiðstöðin Skjálftaskjól – starfsemin haust 2013
-
1. Ein umsókn barst frá Dagnýju Lísu Davíðsdóttur sem var valin í U16 ára landslið í körfuknattleik. Samþykkt að veita henni 50 þúsund kr styrk v/ferðar á NM í Svíþjóð sem verður haldið 8. – 12. maí.
 2. Undirbúningur vegna skipulags námskeiða fyrir sumarið 2013 er að hefjast. Fyrirhugað að gefa út upplýsingabækling í lok maí sem verður aðgengilegur á vef bæjarins og dreift á heimili bæjarins.
 3. Kynning á fyrirhuguðum hátíðum í sumar og haust.
 4. Menningar- og frístundafulltrúi kynnti starf íþróttamannvirkja og framkvæmdir. Starfsskýrsla Bókasafnsins lögð fram til kynningar. Rætt um möguleika Hveragerðis til að halda landsmót UMFÍ 50+. Athuga með pakkatilboð v/æfingabúða íþróttahópa.
 5. Formaður leggur að farið verði í að marka menningarstefnu fyrir Hveragerðisbæ. Lagðir voru fram minnisþingar þess efnis.
 6. Formaður sagði frá menningarráðstefnunni, Menningarlandið 2013, sem fór fram á Klaustri um miðjan apríl s.l.
 7. Bréf lagt fram til kynningar: Ályktun ungmenna frá ráðstefnunni Ungt fólk og lýðræði um mikilvægi þess að sveitarstjórnir skipi ungmennaráð og minni á mikilvægi þess að ungmenni séu höfð með í ráðum varðandi ýmis málefni. Vitnað var í 12. grein Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna um rétt barna og ungmenna til að láta skoðanir sínar í ljós og hafa áhrif á öll mál er þau varða.
 8. Starfsemi félagsmiðstöðvar fyrir næsta starfsár rædd og möguleg tengsl við ungmennaráð.

Fundargerð lesin og samþykkt. Fundi slitið kl. 18:35

Eyþór H. Ólafsson, (sign)

Hafþór Vilberg Björnsson, (sign)

Elínborg Ólafsdóttir, (sign)

Heimir Eyvindarson, (sign)

Jóhanna M. Hjartardóttir, menningar- og frístundafulltrúi, (sign)